



SKÝRSLA STJÓRNAR HRFÍ

Starfsárið 2017-2018

Samantekt um starf félagsins lögð fram á aðalfundi félagsins 17. maí 2018

Stjórn HRFÍ
stjorn@hrfi.is

Inngangur	2
Skrifstofa	2
Starfsmannamál	3
Húsnæðismál	3
Tölvukerfi; Gagnagrunnur	3
Nefndir HRFÍ	4
Íþróttasamband Íslands (ÍSí)	4
Reglubundið starf innan félagsins	4
Félagsmenn og ættbókarskráningar	4
Heilsufarspróf	5
Reglur um skráningu í ættbók HRFÍ	5
Innflutningur hunda	5
Hundasýningar	5
Vinnupróf	6
Veiðipróf	7
Sólheimakot	7
Hundaskóli HRFÍ	7
Íþróttadeild	7
Þjónustu- og afrekshundar ársins	7
Ungmennadeild	8
Sýningadómarar	8
Veiðiprófsdómarar	8
Hringstjórar	9
Umbunarkerfi	9
Kynningar og fræðslustarf	11
Félagsblaðið Sámur	11
Fræðslu- og kynningarnefnd	11
Starf ræktunardeilda	11
Hlutverk og verk svið ræktunardeilda	11
Starfsreglur ræktunardeilda	12
DÍF: Endurskoðun ræktunarmarkmiðs íslenska fjárhundsins	12
Deildarsýningar	13
HRFÍ 50 ára 2019	13
Réttindamál	13
Barátta fyrir breytingum á reglugerð um hollustuhætti	13
Endurskoðun reglna um einangrunarvistun hunda	13
Erlent samstarf	
Á döfinni	

Inngangur

Skýrslan er lögð fram á aðalfundi Hundaræktarfélags Íslands þann 17. maí 2018 en í henni er gerð grein fyrir margþættri starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.

Aðalfundur félagsins 2017 var haldinn á Hótel Cabin, Borgartúni 32, þann 31. maí. Á fundinum var Herdís Hallmarsdóttir kosin formaður, þá voru kjörnir í stjórn Daníel Örn Hinriksson og Pétur Alan Guðmundsson. Viktoría Jensdóttir var kjörin varamaður þeirra.

Stjórn var svo skipuð og skipti þannig með sér verkum á starfsárinu: Herdís Hallmarsdóttir, kjörin formaður, Daníel Örn Hinriksson, varaformaður, Pétur Alan Guðmundsson, gjaldkeri og Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritari. Í meðstjórn var Þorsteinn Thorsteinson. Guðbjörg Guðmundsdóttir var varamaður Auðar Sifjar og Þorsteins og Viktoría Jensdóttir varamaður Péturs Alans og Daníels Arnar.

Í ljósi góðrar reynslu var á haustmánuðum haldinn stefnumótunarfundur stjórnar venju samkvæmt. Var Magnús Orri Schram fenginn til að koma og stýra fundi. Markmið fundarins var að móta stefnu og markmið stjórnar fyrir starfsárið.

Stjórn fundaði 15 sinnum á starfsárinu, þess utan nýtti stjórn sér fundarsíma símans til að ræða nokkur mál og afgreiddi líka erindi milli funda með tölvupóstum. Þá var stjórn með lokaðan hóp á samfélagsmiðlum sem nýttur var í umræður, hugmyndir og til upplýsinga, um framgang og stöðu þeirra verkefna sem stjórn vann að, á milli funda. Á starfsárinu hafa þrjú fulltrúaráðsfundir verið haldnir.

Skrifstofa

Skrifstofa félagsins er í húsnæði félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík og er opin alla virka daga frá kl. 10 til 15.

Á skrifstofunni starfa þær Guðný Rut Isaksen framkvæmdastjóri, Hilda Björk Friðriksdóttir sem sinnir afgreiðslu og Stefanía Björgvinsdóttir sem sinnir útgáfu ættbóka og heilsufari.

Á starfsárinu tók Guðný Rut við starfsmannamálum og í framhaldinu var talið rétt að breyta starfsheitinu til samræmis við þá breytingu á starfssviði í framkvæmdastjóra að nýju. Í upphafi ársins voru tveir starfsmenn en stöðugildum var fjölgað úr 2 í 2,66 í febrúar. Bókhald félagsins er fært hjá Reglu.is.

Stjórn í samvinnu við starfsfólk skrifstofu lauk við endurskoðun reksturs og verkferla skrifstofu og var útbúin handbók fyrir starfsmenn félagsins sem hefur að geyma lýsingar á helstu störfum og vinnslu ákveðinna verkefna. Sú handbók nýttist jafnt starfsfólki sem og sjálfboðaliðum félagsins.

Starfsmannamál

Nokkrar mannbreytingar hafa orðið á skrifstofu félagsins á starfsárinu. Sunna Dís Jensdóttir starfaði á skrifstofu frá júní til nóvember 2017. Erna Sigríður Ómarsdóttir fór í hlutastarf í september 2017 en kom aftur í fullt starf hjá félaginu í janúar og sinnti því fram í miðjan mars 2018. Hilda Björk var Friðriksdóttir var ráðin í hlutastarf til að sinna símsvörun og afgreiðslu. Stefanía Björgvinsdóttir hóf störf í byrjun maí. Milli þess sem Erna hætti og þar til Stefanía hóf störf var Sigurlaug Rósa Dal Christiansen ráðin tímabundið frá mars til byrjun maí. Sigurlaug hafði verið nokkuð mikið á skrifstofunni sem sjálfbóðaliði á árinu og vill stjórn færa henni sérstakar þakkir fyrir.

Húsnæðismál

Félagið er eigandi að einkahlutafélaginu Ra ehf. sem er aftur eigandi að skrifstofuhúsnæði að Síðumúla 15 þar sem skrifstofa félagsins er til húsa. Félagið skuldar vegna kaupa á hlutafélaginu Ra tæpar 24 milljónir króna en lánið hvílir á fasteigninni. Húsnæðismál félagsins eru í sífelldri skoðun hjá stjórn. Fyrir tveimur árum var gerð skoðanakönnun meðal virkra félagsmanna og var niðurstaðan sú að meirihlutinn vildi auka við aðstöðu félagsins.

Í framhaldinu sendi stjórn formlegt erindi til Reykjavíkurborgar. Tveir fundir voru haldnir, fyrst með fulltrúa Reykjavíkurborgar en svo seinna einnig með fulltrúa Fáks. Hugmyndir borgarinnar voru að HRFÍ færi í samstarf með Fákum um nýtingu á aðstöðu hestamannafélagsins. Fundir með fulltrúum borgarinnar hafa ekki borið árangur.

Aukin áhersla var lögð á að skoða húsnæðismál félagsins í framhaldi fyrirspurnar áhugasamra um kaup á Síðumúlanum. Stjórn vann þarfagreiningu sem byggði annars vegar á niðurstöðu skoðanakönnunar og hins vegar á upplýsingum frá stjórnnum deilda félagsins. Í mars barst svo tilboð í fasteignina. Nánar tiltekið fól tilboðið í sér að kaupa fasteign félagsins úr Ra ehf. Tilboðsverð var 46 milljónir og var tilboðið skilyrt að samningar tækjust um áframhaldandi leigu HRFÍ á húsnæðinu. Hugmyndir tilboðsgjafa um leiguverð voru nokkuð hærri en kostnaður félagsins er af húsnæðinu í dag. Fengið var álit annarra fasteignasala á tilboðsverði og var það þeirra samdóma álit að það væri of lágt. Í framhaldinu var tekin ákvörðun að kanna áhuga markaðarins og setja eignina á sölu. Ásett verð tók mið af ráðgjöf fasteignasala eða 58 milljónir. Stjórn sendi erindi, sambærilegt því sem áður hafði verið sent til Reykjavíkur, til Garðabæjar, Mosfellsbæjar, Kópavogs og Hafnarfjarðar. Þá setti stjórn sig í samband við nokkrar af stærstu fasteignasölum á höfuðborgarsvæðinu, sendi þeim afrit af þarfagreiningu félagsins og bað þær að hafa augu opin fyrir álitlegu húsnæði fyrir félagið.

Þetta er langtímaverkefni og ljóst að ákvörðun um sölu félagsins eða fasteignarinnar og kaup á annarri fasteign telst meiriháttar fjárskuldbinding sem félagsfundur einn hefði ákvörðunarvald um.

Tölvukerfi; Gagnagrunnur

Eins og upplýst hefur verið stóðu vonir til þess að félagið fengi aðgang að finnska tölvukerfinu. Því miður bar eftirrekstur um svör ekki árangur og var tekin ákvörðun um að ræða við danska hundaræktarfélagið (DKK). Fundur var haldinn hjá DKK þann 23. október og í framhaldinu sent erindi. Stjórn DKK tók erindið fyrir og samþykkti að vinna með HRFÍ. Formaður og framkvæmdastjóri fóru svo aftur á fund hjá félaginu í apríl. Á þeim fundi var okkur tilkynnt að DKK hefði samþykkt að bjóða HRFÍ að taka upp danska tölvukerfið í þremur skrefum. Fyrst bjóða þeir okkur að taka upp sýningarkerfið. Í öðru skrefi mun HRFÍ taka upp tölvukerfið með félagatalinu og í því þriðja, sem er jafnframt það flóknasta, munum við taka upp ættbókar skráningar og heilsufarsskráningar. Vonast er til þess að HRFÍ geti byrjað að nota sýningarkerfið á árinu 2018 ef engar verulegar tæknilegar hindranir verða í veginum.

Nefndir HRFÍ

Stjórn félagsins getur skipað nefndir og starfshópa til að annast ákveðin mál. Á fyrsta fundi stjórnar er skipað í fastanefndir félagsins. Í dag eru 14 nefndir starfandi hjá félaginu og nefndarmenn samtals um 60 talsins. Á árinu voru tvær nýjar nefndir settar á laggirnar, annars vegar fræðslu- og kynningarnefnd og hins vegar afmælisnefnd félagsins. Stjórn fundaði með nefndum félagsins 20. febrúar sem lið í því að efla tengsl milli stjórnar félagsins og starfandi nefnda þess.


Íþróttasamband Íslands (ÍSí)

Fundað var með ÍSí í byrjun árs og ræddir möguleikar á því að HRFÍ fengi inngöngu í sambandið. Félagið þyrfti að uppfylla ýmis skilyrði áður en af slíku yrði. Verði áframhald á þeirri vinnu þarf að fara í gagnrægar skipulagsbreytingar svo innganga verði möguleg.

Reglubundið starf innan félagsins

Félagsmenn og ættbóarskráningar

Áframhaldandi vöxtur er í hefðbundnu starfi félagsins ef horft er til síðustu fimm ára. Ættbóarskráningar síðustu fimm ára hafa haldist nokkuð stöðugar en eru á árinu 2017 um 6% yfir meðaltali síðustu fimm ára. Þeim fækkaði þó aðeins milli ára 2016 og 2017. Fjöldi gota hefur að sama skapi haldist nokkuð stöðugur en var örlítið yfir meðaltali síðustu fimm ára, sé litið til 2017. Got voru þó nokkuð færri en 2016 en það ár var langt yfir meðaltali. Vöxturinn hefur verið í félagatalinu. Félagsmönnum fjölgaði enn og aftur og nú um 11% frá síðasta ári en hér að neðan má sjá breytingar frá árinu 2013.



Á árinu

2016

var ákveðið að bjóða nýjum hundaeigendum fría félagsaðild og vegna þess hve vel tókst til var haldið áfram að bjóða hvolpaeigendum fría aðild fæðingarár hvolpsins 2017. Milli 2015 og 2017 hefur félagsmönnum fjölgað um heil 44%. Fjölgun félagsmanna má rekja til aukins sýnileika viðburða félagsins á samfélagsmiðlum sem og til aðgerða stjórnar til að fjölga félagsmönnum. Þá hefur verið lögð aukin áhersla á innheimtu félagsgjalda.

Stjórn tilnefndi Lilju Dóru Halldórsdóttur heiðursfélaga í félaginu. Var Lilja Dóra af þessu tilefni heiðruð á nóvembersýningu félagsins.

Heilsufarspróf

Aukning varð á augnskoðunum á milli ára um 7% og voru 643 hundar skoðaðir á árinu. Fjórar augnskoðanir voru á vegum félagsins, þrjár í Reykjavík og ein á Akureyri. Það voru dönsku dýralæknarnir, Jens Knudsen og Susanne Kaarholm, sem skoðuðu hundana. Fækkun er á mjaðmamyndum sendum til SKK en heildarfjöldi myndaðra hunda helst nokkurn veginn sá sami frá fyrra ári. Olnbogamyndum fækkaði um 7%.

Reglur um skráningu í ættbók HRFÍ

Stjórn samþykkti bann við pörum tveggja harlequin hunda sem viðbót við reglugerð um skráningu í ættbók Hundaræktarfélags Íslands til samræmis við regluverk FCI og að höfðu samráði við vísindanefnd. Tveir félagsmenn sóttust eftir undanþágu frá skilyrðum reglugerðarinnar, annars vegar var óskað eftir undanþágu frá lágmarksaldri tíkar og hins vegar frá ákvæðum um hvíldartíma. Að fenginni umsögn vísindanefndar var erindunum hafnað. Að ábendingu skrifstofu voru hvolpar undan Cavalier tík settir í ræktunarbann þar sem augnskoðun var ófullnægjandi en dýralæknar sögðust ekki geta skoðað annað auga tíkarinnar vegna þurreinkenna (*e. dry eye syndrome*).

Stjórn ákvað á fundi 20. febrúar að óska eftir því við ættbókar- og staðlanefnd, að nefndin endurskoðaði reglugerð um skráningu í ættbók með hliðsjón af reglum FCI. Eins að gerður yrði almennur samanburður á þeim kröfum sem gerðar eru um heilsufarsskoðanir og gæfi álit á því hvort hægt væri að samræma reglurnar betur og gera þær aðgengilegri. Sú vinna er í gangi.


Innflutningur hunda

Árið 2016 varð mikil aukning á innfluttum hundum en nú stendur innflutningur í stað og helst því aukning frá fyrra ári en 90 innfluttir hundar voru skráðir hjá félaginu 2017 á móti 98 á fyrra ári. Ein ný tegund var skráð í félagið á árinu, finnskur lapphundur (FCI ræktunarmarkmið no. 189).

Hundasýningar

Alls hélt félagið fimm sýningar fyrir allar tegundir á árinu og er það sami fjöldi sýninga og 2016. Haldnar voru fjórar alþjóðlegar sýningar og ein meistarastigssýning. Hvolpasýningar voru á föstudegi hverja sýningahelgi og voru fjórar talsins. Sýningarnar voru haldnar í Víðidal. Fjórða árið í röð var tvöföld útisýning á túninu við Vatnsveituvegin en sýningar inni voru haldnar í reiðhöllinni. Félagsmenn voru duglegir að skrá á sýningar en heilt yfir jukust skráningar um tæplega 500 talsins eða um 12%.

Á myndinni hér að neðan má sjá fjölda skráðra hunda ásamt fjölda sýninga félagsins á ári frá árinu 2013.



Mikil aukning er á skráðum hvolpum á hvolpasýningar á milli áranna 2016 og 2017. Árið 2017 voru 650 hvolpar sýndir á sýningum félagsins á móti 517 árinu áður og er það 20% aukning. Hvolpasýningarnar eru vel heppnaðar, þær virðast henta bæði mönnum og dýrum vel og eru vinsælar enda vel sóttar af áhorfendum.

Kept var um besta ungliða sýningar í fyrsta sinn á sumarsýningu félagsins og verður áframhald á því. Stigahæsti hundur ársins með samtals 54 stig var rakkinn Red Hot Chili V. Tum-Tums Vriendjes Petit af tegundinni Petit basset griffon vendeen. Stigahæsti öldungur ársins með 47 stig var Vadászfai Oportó af tegundinni ungversk vizsla. Stigahæstu ræktendur ársins með 77 stig voru þau Björn Ólafsson og Lára Birgisdóttir sem rækta undir nafninu Heimsenda. Guðný Vala Tryggvadóttir var í öðru sæti með 69 stig en hún ræktar undir nafninu Sankti-Ice. Í þriðja sæti með 56 stig var Auður Valgeirsdóttir sem ræktar undir nafni Tíbráar Tinda.

Breytingar voru gerðar á útreikningum til stigahæstu ræktenda. Við útreikning stiga 2018 verða stig reiknuð fyrir hvert viðurkennt hundakyn ræktanda (eða hvert afbrigði ef við á) og stig fleiri hundakynja leggjast því ekki saman eins og verið hefur fram að þessu. Vilji stjórnar og sýninganefndar stendur til þess að jafna möguleika þeirra sem rækta eitt kyn og þeirra sem rækta fleiri.

Vinnuþróf

Vinnuhundadeild bauð upp á sjö hlýðniþróf á árinu og voru um 50 skráningar í þau þróf. Þrjú sporapróf voru haldin með þátttöku 14 hunda. Gott starf hefur verið hjá deildinni á árinu og er stjórn hennar bjartsýn. Með því að færa þróf í reiðskemmu hjá Spretti og með upptöku rally-hlýðni eru vonir um að þátttaka og áhugi fyrir vinnu með hunda aukist. Að fengnu álit Vinnuhundadeildar var Kristjana Bergsveinsdóttir samþykkt sem sporahundadómari I og II. Retrieverdeildin bauð upp á eitt vinnuþróf árið 2017. Þá var Silja Unnarsdóttir samþykkt sem hlýðnidómari.

Veiðipróf

Fjölgun varð á heildarskráningum í veiðipróf um 10% og voru það veiðipróf í tegundahópi 7 sem skýra þá fjölgun. Undir merkjum tegundahóps 7 var 331 skráning í samtals ellefu veiðipróf. Fuglahundadeild var með fimm veiðipróf á árinu, þrjú á heiði og tvö sækipróf. Vorstehdeild var með eitt próf á heiði. Deild enska setans (DESÍ) var með fjögur próf og Írsk setterdeild með eitt próf á sínum vegum. Tíu veiðipróf fyrir sækjandi hunda voru haldin hjá Retrieverdeild og voru 92 skráningar í þau próf. Prófin voru dæmd af íslenskum og erlendum dómurum.

Sólheimakot

Kotið er mikið notað af félagsmönnum fyrir opin hús hjá tegundahópum 7 og 8, hvolpahittinga, námskeið, veiðipróf, fundi og fleira. Ráðist var í lítilsháttar viðgerðir á árinu en biðstaða hefur verið á framkvæmdum vegna óöryggis um framtíð kotsins. Sólheimakotsnefnd hefur í tvígang óskað eftir fundi með Mosfellsbæ en ekkert svar borist og er verið að vinna í að fá fund til að eyða óvissunni.

Hundaskóli HRFÍ

Hundaskólinn var rekinn með óbreyttu sniði. Skólinn býður upp á hvolpa-, grunn- og hlýðninámskeið fyrir allar tegundir hunda. Í ár var boðið upp á tíu hvolpa og grunnnámskeið og tvö hlýðninámskeið. Kennari skólans í ár, sem áður, var Valgerður Júlíusdóttir.

Íþróttadeild

Íþróttadeild hefur boðið upp á hundafiminámskeið, æfingar og próf. Deildin hefur búið við aðstöðuleysi undanfarin ár auk þess sem tækjabúnaðurinn er lúinn. Undanfarið ár hefur stjórn í samstarfi við Íþróttadeild leitað leiða til að fá styrki til að flytja inn Galican tæki auk þess sem deildin óskaði eftir að fá að halda námskeið til fjáröflunar. Þá mun Íþróttadeildin reka veitingasölu á útisýningum félagsins til að afla fjár. Íþróttadeild var í samstarfi við Ungmennadeild á árinu og stjórnir deildanna horfa jákvæðar til áframhaldandi samstarfs á komandi árum. Á starfsárinu samþykkti stjórn þrjú nýja hundafimidómara, þær Stefaníu Björgvinsdóttur, Önnu Birnu Björnsdóttur og Silju Unnarsdóttur sem hafa leyfi til að dæma í keppnum hér á landi. Þær eru að læra að verða alþjóðlegir hundafimidómarar í samstarfi við NKK.

Þjónustu- og afrekshundar ársins

Þjónustu- og afrekshundar ársins 2017 voru heiðraðir á nóvembersýningu félagsins.

Þjónustuhundur ársins varð Samoyed-hundur að nafni Samson sem er sjálfboðaliði á vegum Rauða krossins ásamt eiganda sínum. Samson er 9 ára gamall og hefur mætt vikulega á hjúkrunarheimilið Hamra í Mosfellsbæ í mörg ár. Hann vinnur einnig við verkefnið „Heimsóknarvinur með hund“ en eigandi hans, Helga Sigurðardóttir, starfar í hóp sem heitir „Hundavinir“. Hópurinn skipuleggur gönguferðir og fleira fyrir sjálfboðaliða með hunda. Ræktandi Samsons er Salóme Ásta Arnardóttir.

Aftekshundur ársins var valin Svarthamars Högna en hún er schäfer tík sem hefur bjargað lífi barns sem er með illvíga flogaveiki oftast en einu sinni. Högna er ræktuð af þeim Evu Kristinsdóttur og Guðmundi R. Ásgeirssyni. Við óskum bæði þjónustu- og afrekshundi, sem og eigendum þeirra, hjartanlega til hamingju en ávallt er ánægjulegt að vekja athygli á hundum sem vinna góðverk með nærveru sinni.

Ungmennadeild

Öflugt barna- og ungmennastarf er í félaginu og heldur Ungmennadeild HRFÍ utan um það. Deildin býður meðal annars upp á sýningarþjálfanir fyrir unga og eldri sýnendur ásamt því að Dagur Ungmennadeildar hefur verið haldinn hátíðlegur þar sem sýnendum á öllum aldri gefst tækifæri á að spreyta sig í sýningarhringnum. Þessum degi er ætlað að vekja áhuga barna og ungmenna á hundasportinu. Íþróttadeild býður núna upp á sérnámskeið fyrir börn og ungmenni í hundafimi í samstarfi við Ungmennadeild. Vonandi mun Ungmennadeildin bjóða upp á hlýðninámskeið í náinni framtíð og fleira innan hundasportsins.

Stigahæsti ungi sýnandi ársins 2017 í yngri flokki var Hrönn Valgeirsdóttir. Vaka Víðisdóttir var stigahæst í eldri flokki og var fulltrúi Íslands í alþjóðlegri keppni ungra sýnenda á Crufts 2018. Elena Mist Theodórsdóttir, sem var annar stigahæsti ungi sýnandi ársins 2016, var fulltrúi Íslands í lokakeppni ungra sýnenda á heimssýningunni í Þýskalandi í nóvember síðastliðnum og var valin í 10 keppenda úrslit. Stefanía Stella Baldursdóttir tók þátt í almennri keppni ungra sýnenda á sömu sýningu og gerði sér lítið fyrir og komst áfram í lokakeppnina.

Norðurlandakeppni ungra sýnenda fór fram í Helsinki í desember 2017 og sigraði landslið Íslands keppnina, bæði í liða- og einstaklingskeppninni. Liðið skipuðu þær Berglind Gunnarsdóttir, sem sigraði einstaklingskeppnina, Elena Mist Theodórsdóttir, Ingunn Birta Ómarsdóttir og Vaka Víðisdóttir. Þjálfari og liðsstjóri var Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

Sýningadómarar

Í ár stóð sýningadómaranefndin fyrir prófum hjá starfandi dómurum á nýjar tegundir og er það annað árið sem félagið stendur fyrir slíkum prófum. Í dag eru 10 sýningadómarar hjá félaginu, sem hafa réttindi til að dæma frá 1 til 10 tegundir. Þá er einn dómarameni. Vonir standa til þess að sýningadómarar félagsins haldi áfram að læra og bæta við sig tegundum auk þess sem þeir fá aukna reynslu af dómaraströfum.

Veiðiprófsdómarar

Um nokkurn tíma hefur verið unnið að því að setja reglur um nám til að gerast veiðiprófsdómari í tegundahópi 7. Eins hafa átt sér stað óformlegar viðræður við NKK um mögulegt samstarf. Í framhaldi af fundi stjórnar og dómaraáðs voru Svafar Ragnarsson og Herdís Hallmarsdóttir fengin til að vinna drög að reglum um nám fuglahundadómara. Drögin gera ráð fyrir því að stofnuð verði dómara nefnd sem annast skipulag, undirbúning og menntun dómara. Þá er til þess ætlast að nemi fá leiðbeinendur sem hafa það hlutverk að leiðbeina honum og vera honum innan handar varðandi námsferlið. Dómaraáð og deildir innan tegundahóps 7 munu tilnefna aðila í dómara nefndina. Aðilar í dómara nefnd og leiðbeinendur verða að vera reynslumiklir dómara, annað hvort hjá HRFÍ eða NKK. Drögin hafa verið kynnt stjórnnum deilda innan tegundahóps 7. Þá hefur stjórn leitað til NKK og óskað eftir að þeir samþykki aðkomu norskra dómara að náminu og er beðið eftir svari að utan svo hægt verði að samþykka reglurnar. Á árinu samþykkti stjórn að tillögu dómaraáðs að tveir nemar byrjuðu í dómara námi, þau Unnur Unnsteinsdóttir og Einar Örn Rafnsson.

Jens Magnús Jakobsson hóf dómara nám fyrir sækjandi hunda á starfsárinu. Hann er annar tveggja dómara nema fyrir sækjandi hunda en fyrir var Hávar Sigurjónsson sem langt er kominn í sínu námi.

Hringstjórar

Tvö hringstjóranámskeið voru haldin á tímabilinu og voru þau bæði vel sótt. Við vonumst til að þátttakendur skili sér í starf félagsins í framhaldi.

Umbunarkerfi

Á fulltrúaráðsfundi þann 18. apríl síðastliðinn kynnti Auður Sif Sigurgeirsdóttir hugmyndir að umbunarkerfi sem ætlað er að umbuna sjálfboðaliðum félagsins ásamt því að hvetja fleiri til að taka þátt í starfinu. Umbunarkerfið snýr aðeins að tekjueflandi starfi fyrir félagið en ekki viðburðum á vegum deilda. Hugmyndin er að sjálfboðaliðar geti notað umbunarávísanir sem greiðslu upp í vörur félagsins og þátttökugjöld á viðburðum félagsins, t.d. sýningargjöld, vinnu- og veiðiprófagjöld og svo framvegis.

Skráningar

Upplýsingar 2013-2017	2013	2014	2015	2016	2017
Hvolpar	1148	1094	1078	1308	1244
Got	260	260	251	294	274
Meistarastigssýningar (allar teg)	1	1	3	1	1
Alþjóðlegar sýningar (allar teg)	3	4	4	4	4
Deildarsýningar	8	4	9	6	6
Félagsmenn	1889	2078	1916	3061	3421
Deildir	30	30	30	29	29
Skráðir hundar á árinu	1233	1179	1159	1406	1343
Skráðir hundar frá upphafi ca	17696	18875	20034	21440	23698
Augnskoðaðir hundar	557	535	600	600	643
Sýndir hundar (allar sýn)	3508	4075	5025	3847	4270
Sýndir hundar (all breed sýningar)	2989	3722	4312	3450	3907

Upplýsingar 2013-2017	2013	2014	2015	2016	2017
Sýndir hundar (deildarsýningar)	446	144	518	397	363
Sýndir hundar (hvolpasýningar)	73	209	195	517	650
Nýjar tegundir á árinu	4	1	4	4	1
Innfluttir hundar	70	81	69	98	90
HD (alls)	60	65	89	135	133
AD (alls)	64	67	84	73	68
HD (sent í gegnum HRFÍ)	70	79	111	83	52
AD (sent í gegnum HRFÍ)	32	40	60	45	21
Ræktunarnöfn	20	37	18	26	34
Vinnuþróf/skapgerðarmat	68	72	85	101	68
Veiðipróf tegundahópur 7 & 8	457	437	431	390	423
Námskeið hundafimi	19	19	45	32	30
Námskeið Hundaskóli	79	81	83	63	117

Kynningar og fræðslustarf

Félagsblaðið Sámur

Félagið gefur út félagsblaðið, Sám í þeim tilgangi meðal annars að fræða almennt um rétta meðferð, aðbúnað og uppeldi hunda. Blaðið kom út tvisvar á árinu, í júní og desember. Ritstjóri Sáms, Klara Símonardóttir, ber ábyrgð á efni blaðsins ásamt formanni og framkvæmdastjóra HRFÍ. Öflug 11 manna ritnefnd undir stjórn Klöru gerir félaginu mögulegt að gefa út blaðið svo því sé sómi af. Klara Símonardóttir lét af störfum sem ritstjóri Sáms í apríl 2018 og mun Svava Björk Ásgeirsdóttir taka við starfinu en hún hefur setið í ritnefnd blaðsins og hefur góða þekkingu og reynslu.

Fræðslu- og kynningarnefnd

Stjórn ákvað að skipa fræðslu- og kynningarnefnd sem er nýjung í starfi félagsins. Nefnd þessari er ætlað að skipuleggja námskeið og almenna fræðslu til félagsmanna í samráði við stjórn. Hugsunin er að náíð samstarf verði með skólanefnd og fræðslu- og kynningarnefnd. Fræðslu- og kynningarnefnd hefur fundað þrisvar. Margar hugmyndir eru komnar á blað og hefur nefndin ákveðið að setja áherslu á, til að byrja með, að kynna félagið og starfsemi þess. Hugmyndin er að hafa hring á sumarsýningunum (ef svæðið býður upp á það) þar sem fjölbreytt vinna hunda verður kynnt. Tjald/bás verður fyrir rósettusölu og þar verður líka bæklingurinn „Komdu Sámur“ gefins fyrir unga áhugasama. Í básnum verður hægt að spyrja um starf félagsins. Nefndin hefur verið að skoða möguleika á fyrirlesurum fyrir félagsmenn, meðal annars námskeið fyrir ræktendur, og komst að þeirri niðurstöðu að leita samstarfs við önnur hundaræktarfélög á Norðurlöndunum. Þá hyggst nefndin leggja fyrir stjórn tillögur að heildrænni fræðslustefnu fyrir félagið.

Á tímabilinu var reynt að boða til funda um fræðslumál félagsins á meðal helstu hagsmunaaðila en vegna dræmrar þátttöku var ákveðið að útbúa könnun meðal þeirra um þær áherslur sem félagsmenn vilja sjá í fræðslumálum félagsins. Áformað er að leggja þá könnun fyrir félagsmenn næsta haust.

Starf ræktunardeilda

Hlutverk og verkvið ræktunardeilda

Í dag eru 27 ræktunardeildir innan HRFÍ sem hafa það hlutverk að standa vörð um að ræktun viðkomandi hundakynja stefni að því ræktunarmarkmiði sem viðurkennt er af FCI.

Þeim er ætlað að vera ráðgefandi og búa yfir haldgóðri þekkingu um hvað eina sem varðar ræktun og undaneldi sem og þekkingu á meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum hjá viðkomandi hundakynjum. Ræktunarstjórnnum ber að halda nákvæma skrá yfir allt það sem að gagni má koma við ræktun. Að endingu er deildum ætlað það hlutverk að miðla fræðslu um viðkomandi hundakyn og stöðu ræktunarmála hverju sinni.

Auk mikilvægs hlutverks deilda, er varðar ræktun og heilbrigði tegunda sem þeim tilheyrja, hafa þær sinnt félagslegu hlutverki. Þær standa fyrir margvíslegu félagsstarfi, svo sem ýmsum viðburðum og samkomum félagsmanna sem deildunum tilheyrja.

Stjórnir ræktunardeilda bera ábyrgð á starfi þeirra en geta leitað til stjórnar eftir stuðningi og leiðsögn. Fulltrúaráð félagsins er samkvæmt lögum félagsins samráðsvettvangur stjórnar HRFÍ og ræktunarstjórna. Þar geta ræktunarstjórnir komið að ábendingum og gagnrýni á starf innan félagsins eða regluverk þess.

Samkvæmt lögum félagsins ber deildum að halda ársfundi frá janúar til loka mars á hverju ári þar sem kosið er í stjórn. Þá skulu deildirnar skila skýrslu um starf liðins árs til stjórnar HRFÍ ásamt skýrslu um fjárhag. Skýrslu skal skilað fyrir 15. apríl ár hvert. Í lok þessa starfsárs eru níu deildir sem ekki hafa skilað ársskýrslu og stjórn því ekki verið upplýst um starf þeirra. Um er að ræða Papillon- og Phaléneideild, Pincher-, Mastiff- og Fjallahundadeild, Spítshundadeild, St. Bernharðsdeild, Siberian husky deild, Smáhundadeild, Terrierdeild, Vorstehdeild og Yorkshire terrierdeild. Er áhyggjuefni að heyra ekki frá svo mörgum ræktunardeildum enda sinna þær ábyrgðarhlutverki gagnvart deildarmeðlimum og hundakynjum sem eiga skjól hjá þeim. Vakin er athygli á því að stjórn HRFÍ er skylt að gera tillögu til félagsfundar um að leggja niður ræktunardeild hafi hún ekki í þrjú ár í röð haldið ársfund né skilað stjórn HRFÍ gögnum. Skylda þessi var lögfest á aðalfundi félagsins 2017 og stjórn mun í fyrsta sinn framfylgja þessu á aðalfundi félagsins 2020. Vonir standa til þess að takist að endurvekja starf í flestum ef ekki öllum þessum deildum fyrir þann tíma.

Starfsreglur ræktunardeilda

Um nokkurra ára tímabil hefur verið í gangi endurskoðun á starfsreglum ræktunardeilda. Umfangsmiklar breytingar voru samþykktar á árinu. Helstu breytingarnar snúa að þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla til stofnunar nýrrar deildar (grein II.1), hvernig ber að kjósa tengiliði tegunda í safndeildum (grein II.3) hvernig stjórnir ræktunardeilda skulu skipaðar (grein III.1) og hvernig farið skuli með fjármuni deilda (grein II.5). Starfsreglur ræktunardeilda liggja á heimasíðu félagsins og við hvetjum félagsmenn, og sérstaklega stjórnir ræktunardeilda, að kynna sér þær.

DÍF: Endurskoðun ræktunarmarkmiðs íslenska fjárhundsins

Eitt af helstu markmiðum félagsins er að standa vörð um ræktun og markmið íslenska fjárhundsins, þjóðarhunds Íslendinga. Endurskoðun ræktunarmarkmiðs, sem verið hafði í gangi í rúm tíu ár, lauk á árinu eftir að það var kynnt fyrir ræktendum íslenska fjárhundsins og öðrum áhugasömum félagsmönnum og þeim var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Markmiðið var svo sent til staðlanefndar FCI (e. Standard Commission) í mars síðastliðinn til meðferðar og afgreiðslu. Staðlanefnd hefur samþykkt markmiðið og sent það áfram til stjórnar FCI til afgreiðslu.

Mikilvægasta hlutverk ræktunardeilda er að standa vörð um ræktun. Stjórn, í samráði við ræktunarstjórnir og að fengnu áliti vísindanefndar og eftir atvikum ættbóka- og staðlanefndar, setur kröfur um heilsufarspróf einstakra hundakynja og reglur og/eða takmarkanir um undaneldi hunda. Á starfsárinu voru að beiðni og frumkvæði Smáhundadeildar settar heilsufarskröfur á Tíbet terrier og Russian toy terrier. Að tillögu Cavalierdeildar var orðalagi reglu um hjartavottorð breytt og það skýrt. Þá óskaði deildin eftir breytingu á lágmarksaldri undaneldisdýra í 2 ½ ár og að hjartaskoðun yrði framkvæmd eftir þann aldur. Stjórn samþykkti tillögu DÍF um að augnskoðun, sem framkvæmd væri eftir sjö ára aldur, gildi ævilangt að því tilskyldu að undaneldishundur hafi áður verið skoðaður tvisvar sinnum án athugasemda.

Deildarsýningar

Deildarsýningar voru alls sex talsins. Schnauzerdeild, Cavalierdeild, Mjóhundadeild og Chihuahuaeild í sameiningu, Schäferdeild, Retrieverdeild og Deild íslenska fjárhundsins héldu hver sína deildarsýningu en heilt yfir varð fækkun á hundum sem sýndir voru á deildarsýningum eða um 9% þrátt fyrir að fjöldi sýninga hefði verið sá sami.

HRFÍ 50 ára 2019

HRFÍ var stofnað 4. september 1969 og mun því fagna 50 ára afmæli 2018. Stefnt er því að halda veglega afmælishátíð. Afmælisnefndin hefur þegar komið saman en auk félagsmanna verður reynt að höfða til almennings og kynna félagið og starfsemi þess á margvíslegan hátt.

Réttindamál

Barátta fyrir breytingum á reglugerð um hollustuhætti

Á árinu voru gerðar breytingar á reglugerð um hollustuhætti þannig að eigendum eða rekstraraðilum veitingastaða var heimilað, að tilteknum skilyrðum fullnægðum, að leyfa gestum að koma með gæludýr inn á veitingastaði. Í aðdraganda þeirrar breytingar skilaði HRFÍ umsögn til ráðherra þar sem breytingunum var fagnað en gerðar voru athugasemdir við þá aðferðarfræði að veita tilslökun á banni í stað þess að taka upp eðlilegra viðhorf, viðurkenna að hundur sé hluti fjölskyldunnar og almennt eigi hundafólk rétt til athafna og frelsis sem verði ekki skert nema sýnt sé fram á nauðsyn slíkrar takmörkunar. Þannig taldi félagið rétt að benda á að bann við hundum í íþróttamannvirkjum ætti ekki við rök að styðjast og var í umsögninni bent á rannsóknir sem drepa niður rök um óhreinindi og ofnæmisvaka. Það er mat félagsins að það yrði stigið stórt skref í rétta átt ef hægt yrði að halda viðburði félagsins í slíkum húsakostum. Í þessu sambandi taldi félagið rétt að minna á að stjórnvöldum ber, við setningu íþyngjandi stjórnvaldsfyrirmæla, að gæta þess að mál sé nægilega rannsakað og að ekki megi ganga lengra en nauðsyn krefur til að ná fram þeim markmiðum sem reglugerðinni er ætlað að ná fram, það er að stuðla að framkvæmd hollustuverndar.

Í byrjun árs bárust þær fréttir að Strætó bs. hefði fengið heimild til að fara af stað með tilraunaverkefni sem gerir hundaeigendum kleift að ferðast með hundana í strætó. En bann er við því í reglugerð um hollustuhætti sem ráðherra hefur nú gefið tímabundna undanþágu á. Undanfari þess, að undanþágan var veitt, er talsverður og mikil vinna hagsmunaaðila liggur að baki. Í starfshópi, sem settur var á stofn af Strætó árið 2016, sat meðal annars formaður Hundaræktarfélagsins en hópurinn skilaði af sér niðurstöðum þar sem skilgreind var umgjörð tilraunaverkefnisins. Hópurinn vann verkið út frá sjónarmiði um að almenningssamgöngur verði raunverulegur valkostur sem fararmáti innan höfuðborgarsvæðisins og styðji við grænan lífstíl. Umsagnir bárust frá öllum helstu hagsmunaaðilum og voru þær að mestu jákvæðar í garð verkefnisins. Verkefnið hefur farið vel af stað.

Endurskoðun reglna um einangrunarvistun hunda

Eftir áralanga baráttu innan félagsins til að fá fjögurra vikna einangrunarvistun hunda endurskoðaða og endurmetna, féllst fyrrum landbúnaðarráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, loksins á það á fundi með formanni félagsins og laganefnd að ráðast í nýtt áhættumat. Með þessu fallast stjórnvöld á að skoða hvort aðstæður hafi breyst frá síðasta áhættumati sem framkvæmt var fyrir fjórtán árum, 2004. Eins bentu fulltrúar félagsins á ágalla við þá aðferð sem beitt var við gamla matið. Var lögð á það áhersla að matið yrði framkvæmt af óháðum erlendum aðilum og fékk ráðherra danskan sérfræðing, dr. Preben Willeberg, til að framkvæma matið. Félagið fylgdi þessu eftir og fékk að funda með Willeberg og var sjónarmiðum félagsins komið á framfæri við hann. Þannig var farið yfir þau bréfaskrif og þá fundi sem félagið hafði í aðdragandanum átt við ráðuneytið og MAST. Eins var farið

yfir íslenska regluverkið og borið saman við skilyrði í öðrum löndum, svo sem Bretlandi, Ástralíu og Nýja Sjálandi og þróunina sem hefði átt sér stað í þessum löndum. Var lögð áhersla á nauðsyn þess að meðalhófs yrði gætt og að í áhættumatinu yrði skoðað hvort aðrir möguleikar en einangrun gætu skilað sama árangri. Átti að skila áhættumati um miðjan apríl en samkvæmt eftirgrennslan er vinnan langt komin og vonir standa til þess að matið verði tilbúið í lok maí.

Erlent samstarf

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu fund Evrópuráðs FCI í Kiev í lok ágúst en á fundinum var fjallað um umfangsmiklar tillögur að breytingum á lögum FCI. Aðallega var fjallað um tillögur um að skipta Evrópusvæði samtakanna í þrjú svæði en ekki náðist samstaða á fundinum um það. Aðalfundur FCI fór svo fram í Leipzig í nóvember 2017 en því miður náðu tillögur um lagabreytingar ekki fram að ganga. Þess í stað var þeim lið fundarins frestað og boðað til nýs aukafundar til að fjalla um þær í Brussel í ágúst.

Á starfsárinu hafa verið tveir NKU fundir, annar í Finnlandi í lok október 2017 og hinn í Svíþjóð í febrúar 2018. Að tillögum HRFÍ var stofnuð nefnd til að skiptast á upplýsingum og mögulega samræmingu á menntun á sýningadómurum. Lilja Dóra Halldórsdóttir er fulltrúi HRFÍ í nefndinni. Að sama skapi var endurvakin samstarfsnefnd ungmennadeilda NKU félaganna (e. Youth Committee). Hafdís Jóna Þórarinsdóttir er fulltrúi HRFÍ í nefndinni.

Á döfinni

Mikið hefur áunnist í réttindamálum hundaeigenda síðustu ár en betur má ef duga skal. Vonir eru um að niðurstaða áhættumats verði til þess að hér skapist aðstæður til að draga úr lengd einangrunarvistar hunda. Þá þarf að berjast fyrir áframhaldandi breytingum á hollustureglugerðinni. Að sama skapi ætti félagið að berjast fyrir því að afnumdar verði reglur um hundabú og að hvólpaframleiðsla fái hér ekki að viðgangast.


Það er tilhlökkunarefni að hefja innleiðingu á tölvukerfi DKK en ljóst er að þar er vinna framundan. En þegar þau mál eru komin í farveg blasir við að endurskoða þarf heimasíðu félagsins og hlýtur það mál að vera ofarlega á lista þeirra mála sem ný stjórn kýs að leggja áherslu á. Áframhaldandi vinna í húsnæðismálum félagsins verður áfram fyrirferðamikil í starfi stjórnar enda gæti komið til breytinga þar á næstunni. Strax í sumar verður fyrsta NKU „Norðurlandasýning“ félagsins en vonir standa til að þær eigi eftir auka enn skráningar á sýningar félagsins.

Fræðslu- og kynninganefnd félagsins hefur í vinnslu metnaðarfulla áætlun um átak í fræðslumálum félagsins og hyggst hún leggja fram fyrir stjórn tillögur að heildrænni fræðslustefnu fyrir félagið næsta haust.


Hundaræktarfélag Íslands er almennt félag - áhugamannafélag - og fólkið sem þar starfar að einstökum hugarefnum sínum gerir það að mestu leyti í sjálfböðastarfi. Stjórn vill nota tækifærið og þakka af heilum hug þeim fjölmörgu sem lögðu sitt af mörkum til þess að fjölbreytt starfsemi félagsins fengi að blómstra og dafna á síðasta starfsári. Félagið okkar styrkist með hverju ári og rödd okkar er farin að heyrast betur í opinberri umræðu en mest um vert er að almennir félagsmenn verða sífellt virkari í starfinu, sýna meira frumkvæði og taka ábyrgð. Okkur þykir öllum vænt um þennan félagsskap og viljum veg hans sem mestan. Það er bæði gaman að vera saman en það gerir okkur líka að sterkum hornsteini góðrar hundamenningar á Íslandi.

Reykjavík 17. maí 2018

Herdís Hallmarsdóttir formaður




Daníel Örn Hinriksson, varaformaður



Auður Sif Sigurgeirsdóttir, ritari




Þorsteinn Thorsteinson, meðstjórn.



Pétur Alan Guðmundsson, gjaldkeri



Guðbjörg Guðmundsdóttir, varastjórn



Viktoría Jensdóttir, varastjórn

